

Professional GS50 Gipsspackel

Gifsspartl GS50

Efnislýsing

Professional GS50 Gipsspackel er sérstakt hraðþornandi gifsspartl fyrir steinsteypu, til fyllingar á misfellum í gifsplötum o.fl. Efnið er ætlað til notkunar í þurrum rýmum innanhúss.

Meðhöndlun

Professional Gipsspackel er ætlað til handspörtlunar.

1. Undirlag skal vera hreint og þurrt og vel bundið án lauss yfirborðslags. Illa bundið undirlag skal grunna áður en spartlað er.
2. Professional GS50 er duft sem blandað er 2:1 í kalt vatn. 5kg af dufti er blandað saman við 2L af köldu vatni. Hrærið spartlið í jafnan, kekkjalausan massa. Látið standa í 3 mín fyrir notkun. Hrærið aftur í 30 sek áður en spartlað er.
3. Ekki blanda meira magn en svo að það megi nota það allt innan 35 mínútna frá blöndun. Við mælum með að taka burt ójöfnur á yfirborði áður en spartlið er fullharðnað (50 mín). Þynnri lög má slípa en mælt er með notkun rykgríma og augnhlífa.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar spartlið er fjarlægt með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal spartla í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella spartleifum eða hreinsivökva í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Bindiefni: Gifs

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, um 50 mín

Má mála: Eftir 3 klst, fer eftir lagþykkt

Lágmarkshiti við spörtlun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörrakastig 65%

Verkfæri: Spartlspaðar

Litur: Hvítt

Umbúðir: 5 og 10 kg dósir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostlausu rými